

# Héraðsbókasafn Dalasýlu

## Ársyfirlit 2020

### Starfsmenn

Bókavörður í 50% starfi er Sigríður Jónsdóttir. Í sumarfríum og forföllum hefur Sigfríð Andradóttir leyst af.

### Starfsemi

Árið 2020 hefur að hluta til verið hefðbundið, en einnig frábrugðið. Ráðstafanir á safninu vegna COVID19 hafa verið talsverðar. Allar bækur eru nú sprittaðar og geymdar í sóttkví í 2-3 sólarhringa eftir skil. Í vor kom til lokunar safnsins í nokkrar vikur , en síðan hefur verið unnt að hafa það opið sökum þess að auðvelt er að tryggja tveggja metra fjarlægð, allir nota spritt áður en bækur eru handfjatlaðar og einnig var sett á grímuskylda á haustdögum. Huglægt mat bókavarðar er að framan af ári hafi þetta ástand dregið heldur úr heimsóknum á safnið, en síðla árs hafi allt verið með eðlilegum hætti hvað það varðar. Ljóst er að þetta hefur þó án efa haft áhrif á útlán á árinu.

Hluti vinnutíma bókavarðar hefur farið í áframhaldandi tiltekt í bókakosti safnsins og einnig í að yfirfara , skrá og merkja annað af tveimur bókagjöfum sem bárust á árinu.

### Útlán og innkaup

Eins og áður sagði, hefur COVID19 haft áhrif á útlán, einkum fyrri part árs. Ánægjulegt þó að sjá hversu margir halda tryggð við bókasafnið og einnig að það fjölgar í notendahópnum þó ekki sé þar um háar tölur að ræða. Líkt og önnur bókasöfn finnur Héraðsbókasafnið líka fyrir fækkun í útlánum vegna tilkomu sterkra hljóðbókaveita sem fólk notar sér í sífellt auknum mæli , og má alls ekki telja sem neikvæða þróun í þessu samhengi.

Innkaup stóðu með 10.000 kr. afgangi um áramót, en til innkaupa hafði safnið 950 þús til ráðstöfunar.

## Sýningar

Lítið var um sýningaráhald á árinu sökum viðvarandi óvissu um leyfi til opnunar safnsins, en þó hefur verið uppi sýning frá Byggðasafni Dalamanna um nokkurt skeið.

## Nýja bókasafnskerfið

Þetta hefur verið hálferð þrautaganga sem sér þó vonandi fyrir endann á samkv. meðfylgjandi pósti frá Landskerfi bókasafna.

Bókavörður sat fjarfund þann 15.okt. hjá Landskerfi bókasafna þar sem farið var yfir stöðuna í löngu og flóknu tæknimáli sem hefur tafið innleiðingu nýs kerfis.

## Framkvæmdir

Ný gluggatjöld komin upp, leyfi mér að segja að „andlit“ bókasafnsins hafi fríkkað talsvert við það.

## Framundan

Á síðustu metrum sumarsins ákváðu héraðskjalavörður og bókavörður að hafa slétt skipti á geymslum niðri í kjallara. Bókavörður græddi stærri geymslu og skjalavörður geymslu nær þeirri stóru og innan rammlæstra múra kjallarans. Þetta þýddi tafir á flutningi frá bókasafni niður í kjallara þar sem skjalavörður burfti tíma og næði til að tæma sína geymslu. Nú er því verki lokið og bókavörður sér fram á að geta hafið kassaburð og bókahrókeringar í massavís á nýju ári.

15. júní 2021  




Vefpóstusíða      Meðalnámsíða      Nánar      Síðulögum      Vefnúmer

færa í... ▾

Dags i dag 09:49

Drög  
Sent  
Ruslpóstur  
Éyddir hlutir

Smelltu hér til að skoða póstinn á vefnum

Ágæta Gegnisfólk.

Það er ástæða til að fagna. Í gær 4. nóvember var undirritaður samningur við Ex Libris um afnot af Alma bókasafnskerfinu og Primo VE leitargáttinni.

Alma er veftægt og nútímalegt bókasafnskerfi sem mikil reynsla er komin á. Primo VE er nýrri lausn en byggir á eldri fyrirmund, Primo, sem við þekkjum mætavel frá leitir.is. Alma og Primo VE eru skýjalausnir sem hýstar eru í gagnaveri Ex Libris í Amsterdam. Við fáum aðgang að kerfunum í gegnum netið (SaaS – Software as a Service) líkt og nú er alsiða.

Undirbúninngur verkefnisins í samvinnu við verksalann Ex Libris hefst um miðjan þennan mánuð. Í þeim fasa verður unnin verk- og tímaáætlun fyrir verkefnið í heild sinni. Gert er ráð fyrir að innleiðing kerfanna taki um 15 mánuði eftir að þriggja mánaða undirbúningsfasa lýkur. Gangi þetta eftir gæti gangsetning orðið um mitt ár 2022.

Við þökkum fyrir skilning og þolinmæði á meðan á samningagerð hefur staðið. Líkt mörg ykkar vitið var upphaflega samið við annan aðila. Í kjölfar óviðráðlega breytinga varð niðurstaðan sú að Ex Libris myndi yfirtaka þann samning og útfæra með sínum kerfislausnum. Þetta hefur nú gengið eftir.

Með bestu kveðjum,  
Sveinbjörg Sveinsdóttir  
framkvæmdastjóri Landskerfis bókasafna hf.  
[sveinbjorg@landskerfi.is](mailto:sveinbjorg@landskerfi.is) | 514-5051

## Landskerfi bókasafna

Þessi póstur er sendur á póstlistann  
Gegnir / Lettrir.is  
á vegum Landskerfis bókasafna.

[Um meðferð persónuupplýsinga](#)

Þessi póstur var sendur til [sigrjo@visir.is](mailto:sigrjo@visir.is), smelltu hér til þess að afskrá þig af póstlistanum.

Landskerfi bókasafna, Katrínartúni 2, IS-105 Reykjavík